

Mánudaginn 23. október 1961.

Nr. 188/1960. **Ákærvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

gegn

Hreini Tómassyni (Friðrik Magnússon hdl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ár-
mann Snævarr.

Ákæra um brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr.
19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Athurður sá, sem mál þetta er af risið, gerðist aðfaranótt 19. apríl 1959 á torgi á Akureyri í þröng manna, er virðast flestir hafa verið meira eða minna með áfengisáhrifum. Einn þessara manna kveðst, eins og í héraðsdómi greinir, hafa séð ákærða ljósta Indriða Sigmundsson höfuðhöggi, svo að hann féll við, en aðrir hafa ekki getað um þetta borið. Indriði var að sögn vitna svo ölvaður, að hann reikaði í spori, og mögu-
leiki er á, að hann hafi hlotið áverka þann, er í ákæru getur, af að falla í götuna. Að svo vöxnu máli, verður gegn eindreg-
inni neitun ákærða eigi talið sannað, að ákærði hafi greitt Indriða högg eða veitt honum umræddan áverka á annan hátt. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af kröfum ákæru-
valdsins.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði, kr. 3000.00, laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreinn Tómasson, á að vera sýkn af kröf-
um ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði,

Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 9000.00.

Dómur sakadóms Akureyrar 4. ágúst 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júlí s.l., er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn Hreini Tómassyni verkamanni, Hafnarstræti 21, Akureyri, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna. Ákærði er ákærður fyrir að ráðast á Indriða R. Sigmundsson, Strandgötu 19B, um kl. 0300 aðfaranótt 19. apríl 1959, á horni Ráðhústorgs og Hafnarstrætis og slá hann í andlitið, svo að hann féll í götuna.

Kröfur ákærvaldsins eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Akureyri 25. júní 1941 og hefur sætt þessum refsingum:

1958 20/11 Sátt, 300 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt sunnudags 19. apríl 1959, kl. 0310, frétti lögreglan á Akureyri, að maður lægi á akbrautinni á Ráðhústorgi fyrir fram-
an verzlunina Electro Co. h/f. Tveir lögreglumenn fóru þegar á vettvang í lögreglubífreiddinni, og kom í ljós, að maður þessi var Indriði R. Sigmundsson bifreiðastjóri, Strandgötu 19B, hér í bæ. Hann var með allmikinn áverka á vinstri augabráun. Hann var því fluttur á sjúkrahús, þar sem læknir gerði að sárinu, en síðan var honum ekið heim. Indriði var rúmliggjandi í 10 daga og allengi óvinnufær, eins og síðar verður lýst.

Eigi verður séð, að lögreglumenn hafi gert neinn reka að því um nóttina að rannsaka orsök slyss þessa, enda mun þeim hafa verið sagt, að Hreinn Tómasson, ákærði í máli þessu, hafi slegið Indriða niður í götuna.

Dómsrannsókn hófst í málinu mánudaginn 20. apríl 1959, og að rannsókn lokinni og er læknisvottorð og bótakröfur höfðu fram komið 3. september s.l., var málið sent Dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar. Eftir að opinber rannsókn var ákveðin gegn ákærða,

sækjandi og verjandi höfðu verið skipaðir og málið þingfest 4. desember s.l., var enn háð rannsókn í málinu, og var málið sent sakadómaranum í Reykjavík til öflunar vitnaskýrsla. Nokkur dráttur varð og á rannsókn sökum fjarveru vitna. Uppdráttur var og gerður af vettvangi, Ráðhústorgi og umhverfi, dskj. nr. 8 í málinu.

Verða nú rakin vætti vitna í málinu, frásögn ákærða og lýst öðrum sönnunargögnum málsins.

II.

Lögreglumennirnir Erlingur Pálmason og Sigurður Eiríksson fóru á vettvang, sem fyrr segir.

Vitnið Erlingur segir, að Indriði hafi legið á götunni skammt austan við hornið á Hafnarstræti og Ráðhústorgi fyrir framan fyrrnefnda verzlun, og hafi vitnið þekkt hann og séð hann vel úr sæti bifreiðarinnar, enda hafi verið allgóð birta, þar sem Indriði lá. Hann lá á bakinu og sneri höfðinu að gangstéttinni, og var það um 0.75—1 metra frá gangstéttarbrún. Bragi Stefánsson hélt undir höfuð Indriða, og virtist hann vera að komast til meðvitundar, er vitnið kom að. Allmikill áverki var á vinstra gagnauga hans, og blæddi úr. Lögreglumennirnir sóttu því næst sjúkrabörur, en ekki vildi Indriði leggjast á þær, og sat í bifreiðinni upp á sjúkrahús.

Gatan, þar sem Indriði lá, var malbikuð, hörð og slétt, og ekki veitti vitnið athygli neinu lauslegu á götunni, svo sem grjóti eða glerbrotum. Blóð var á götunni við höfuð Indriða, en vitnið tók ekki eftir blóði á gangstéttinni.

Þegar vitnið kom á vettvang, voru hjá Indriða auk Braga þeir Jakob Jónsson, Ingólfur Þorsteinsson og Jón Sævaldsson. En austan við Ráðhústorgið á gangstéttinni í Skipagötu voru þeir ákærði, Hreinn Tómasson, og Sigurður Jónsson og, að því er vitnið minnir, Páll Albert Magnússon.

Vitnið kvaðst fyrst hafa haldið, að fyrrnefndur Ingólfur hefði slegið Indriða, því að þeir hafi þá fyrr um nóttina verið í deilum við Ferðaskrifstofuna, og hafi þá Indriði rifið skyrtuna á Ingólfi. Vitnið segist ekki hafa spurt að því, hvort einhver hafi slegið Indriða. En meðan vitnið beið upp á sjúkrahúsi eftir Indriða ásamt Jóni og Jakob, sagði sá síðarnefndi því eftir Braga, að hann hafi séð ákærða Hrein slá Indriða.

Þá hefur vitnið skýrt frá því, að fyrr um nóttina, um kl. 0235, hafi það ásamt Sigurði Eiríkssyni komið að Indriða í áflogum við

mann nokkurn í Túngötu. Voru þeir aðskildir og farið með Indriða á lögreglustöðina, en þar sem hann var þá stilltur og rólegur, var honum ekið heim, og sá vitnið hann ganga að dyrum Hjálpræðishersins, þar sem hann bjó. Indriði var allmikið ölvaður, en ekki minnst vitnið þess að hafa séð hann reika í spori.

Frásögn vitnisins Sigurðar Eiríkssonar er að mestu samhljóða vætti vitnisins Erlings. Vitnið segir, að Indriði hafi verið allmikið drukinn, er það hafði afskipti af honum fyrr um nóttina. Hann hafi reikað í spori, en þó verið sjálfbjarga, og þar sem hann var rólegur, var honum ekið heim.

Vitnið lýsir eins götunni og Erlingur. Það sá ekki blóð, nema við höfuð Indriða, en athugaði ekki sérstaklega, hvort blóð var annars staðar eða á gangstéttinni. Höfuð Indriða lá á að gizka 65—70 cm frá gangstéttinni. Vitnið telur því ólíklegt, að höfuð hans hafi lent á gangstéttarbrúninni.

Vitnið segir, að þeir Bragi, Jakob, Jón og Ingólfur hafi verið hjá Indriða, er það kom á vettvang, en síðar, er það gekk út á stöð og lögreglubífreiðin var að leggja á stað með Indriða, sá vitnið ákærða Hrein og Sigurð Jónsson á syðri gangstéttinni á Ráðhústorgi, rétt austur við hornið á Skipagötu.

Vitnið hefur borið, að Jakob Jónsson hafi sagt því strax og það kom á vettvang, þar sem Indriði lá, að Bragi hefði séð ákærða Hrein slá Indriða.

Vitnið Indriði Ragnar Sigmundsson kveðst hafa farið á dansleik laugardagskvöldið 18. apríl. Var hann með áfengi með sér, um hálfa flösku af aquavita á tveimur gosdrykkjaflöskum, og var önnur þeirra full, en slatti í hinni. Vitnið neytti að mestu þessa áfengis á dansleiknum, en gaf þó eitthvað af því, en segist hafa neytt einhvers áfengis frá öðrum. Vitnið segist því hafa orðið allölvað þessa nótt og muna því mjög óljóst eftir atvikum.

Eftir að dansleiknum lauk um kl. 0200, gekk vitnið um miðbæinn og lenti þá í nokkrum deilum og einhverjum áflogum. En lögreglan skarst í leikinn og ók vitninu heim. Kveðst vitnið hafa ætlað að fara að sofa, en sá þá á Strandgötunni þá Braga Stefáns-son og Jón Sævaldsson. Þekkti vitnið þá vel, því að Bragi hafði ekið með því á stöð, en Jón átti með vitninu og rak fatahreinsun hér í bæ.

Vitnið kveðst muna, að það gekk með Braga og Jóni upp á Ráðhústorg, og hittu þeir þar Ingólf Þorsteinsson og 2—3 menn aðra, sem vitnið ekki þekkti. Lenti vitnið þar í einhverjum deilum og

áflogum við Ingólf, en ekki man vitnið eftir því, að þeir væru skildir að. Vitnið man, að er það var að laga fót sín eftir þessi átök, að einhver þar rétt hjá sagði á þessa leið: Þið skuluð láta Indriða eiga sig, ég skal sjá um hann. Síðan segist vitnið ekkert muna eftir sér fyrr en uppi á sjúkrahúsi. Vitnið veit ekki, hver viðhafði þessi ummæli, og kveðst ekkert geta um það sagt, hvort þau voru í ógnandi eða sefandi tón og hvort sá, er sagði þetta, vildi vernda það eða vinna því mein. Vitnið kveðst ekkert geta borið um það, hvort það var slegið þarna, svo að það féll í götuna, eða hver kynni að hafa gert það.

Vitnið hefur lýst yfir, að þegar þetta gerðist, hafi það ekki þekkt ákærða Hrein í sjón.

Meiðslum vitnisins og bótakröfum verður lýst síðar.

Vitnið Bragi Stefánsson segir, að það og Jón Sævaldsson hafi hitt Indriða hjá Hjálpræðishernum í Strandgötu og hafi hann gengið með þeim upp á Ráðhústorg. Indriði var nokkuð ölvaður, en ekki kveðst vitnið geta neitt fullyrt um það, hvort hann reikaði í spori. Vitnið segist hafa verið lítið ölvað og muna greinilega eftir atvikum.

Á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti hittu þeir nokkra menn, er fyrr um getur, þá Jakob, Ingólf, ákærða Hrein og Sigurð. Deilur urðu milli þeirra Indriða og Ingólfs, en ekki getur vitnið borið um það, af hverju eða hvernig þær hófust. Vitnið sá Jakob stilla Ingólf.

Vitnið kveðst um þetta leyti hafa verið statt á hringsvæðinu á Ráðhústorgi norðan akbrautarinnar (sbr. uppdrátt, dskj. nr. 8, merkt 7b). En Indriði var á akbrautinni á Ráðhústorgi sunnanverðri, og segist vitnið ekki muna eftir neinum öðrum þeim megin á akbrautinni (sbr. uppdrátt, dskj. nr. 8, merkt a). Segist vitnið þá hafa séð, að ákærði Hreinn gekk til Indriða og sló hann í höfuðið, svo að hann féll í götuna, þar sem hann lá síðan hreyfingarlaus á bakinu. Indriði sneri andlitinu í norður eða að hringsvæðinu á Ráðhústorgi, er ákærði Hreinn gekk að honum, en ákærði Hreinn kom frá margnefndu hringsvæði eða frá norðri. Vitnið segist ekki hafa séð, hvar höggið kom á höfuð Indriða. Vitnið gekk strax til Indriða og segir, að höfuð hans hafi legið dálítið frá gangstéttinni, í mesta lagi einn metra. Indriði hafði opið sár á gagnaганu, og blæddi úr því. Vitnið segir, að bjartviðri hafi verið, en þó nokkuð skuggsýnt um þetta leyti, en á Ráðhústorgi hafi verið götuljós og vitnið því séð vel frá sér. Vitn-

ið gizkaði á það í sakadómi 3. júní 1959, að Indriði hefði verið 115 metra fjarlægð frá því, er hann var sleginn niður, en síðar við rannsókn á vettvangi reyndist fjarlægðin milli Braga og Indriða frekar hafa verið 9.5 metrar, eins og síðar verður að vikið.

Vitnið hefur borið, að það hafi skömmu áður séð ákærða með öflösku í hendinni, en ekki sá vitnið, hvort ákærði sló Indriða með flöskunni.

Vitnið bað tvær stúlkur, er þarna voru skammt frá í jeppabíreið, að skýra lögreglunni frá þessum atvikum. Er lögreglumenn komu, var Indriði að rakna við, en vitninu virtist hann meðvitundarlaus í allt að því 5 mínútur.

Vitnið hefur skýrt frá því, að það og ákærði Hreinn hafi verið nokkuð kunnugir, er þetta átti sér stað. Þeir hafi unnið saman um stund og engin óvinátta milli þeirra.

Vitnið telur, að þeir Jón, Jakob og Ingólfur hafi staðið á akbrautinni á Ráðhústorgi, er Indriði var sleginn, en nokkru austar en vitnið stóð.

Vitnið Jón Sævaldsson hefur staðfest þá frásögn vitnisins Braga Stefánssonar, að þeir hafi hitt Indriða í Strandgötu og gengið með honum upp á Ráðhústorg. Vitnið telur Braga hafa verið allsgáðan, en segir, að Indriði hafi verið mikið drukkin og hafi hann reikað í spori, en þó hafi hann ekki verið svo ölvaður, að hann hafi dottið sjálfkrafa. Vitnið kveðst hafa þekkt Indriða frá æsku.

Vitnið segir, að þeir hafi hitt 4—5 menn á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti, en ekki þekkti vitnið þá, enda kveðst það vera ókunnugt í bænum og þekkja fáa. Einn þessara manna veittist að Indriða, og segist vitnið hafa gengið í milli þeirra og tekið um hendur mannsins og haldið honum um tíma.

Um þetta leyti heyrði vitnið, að einhver sagði á bak við það á þessa leið: Ég skal sjá um Indriða. Látið þið Indriða vera. Vitninu virtist þetta sagt frekar í hótunartón, heldur en hitt. Vitnið veit ekki, hver sagði þetta. Vitnið leit við í þessu og sá þá, að Indriði lá á akbrautinni fyrir framan Electro Co. h/f. Hann lá á bakinu með höfuðið um 2 fet frá gangstéttarbrún.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið meðvitundarlaus í 5—10 mínútur, og hreyfði hann sig ekki.

Vitnið kveðst hafa verið á Ráðhústorginu norðan akbrautarinnar, er það sá Indriða liggja á götunni. Vitnið hefur borið, að það hafi ávallt staðið í þeirri meiningu, að einhver hafi slegið Indriða, en það sá engan gera það.

Vitnið skýrir frá því, að Bragi hafi sagt því strax á eftir um nóttina, að hann hafi séð ákærða Hrein slá Indriða.

Vitnið Jakob Jónsson kom sunnan frá Freyvangi, um kl. 0230, með Ingólfi Þorsteinssyni. Var Ingólfur nokkuð drukinn, en vitnið fann til lítilla ölvunaráhrifa. Þeir gengu síðan inn á Ráðhústorg og hittu þar ákærða Hrein og Sigurð. Vitnið kveðst hafa verið ásamt Ingólfi við jeppabífreið, er stóð í Hafnarstræti austan megin á móti Kjörbúð K.E.A., og var að tala við fólk í bifreiðinni. Komu þeir þá á Ráðhústorgið Indriði, Bragi og Jón. Ingólfur fór þá strax til Indriða, og fóru þeir að takast á á akbrautinni á Ráðhústorgi, nokkuð austan við hornið á Hafnarstræti. Vitnið gekk þá til þeirra og reyndi að róa Ingólf og leiddi hann frá Indriða norður fyrir akbrautina og var kominn með hann upp á auða svæðið, er það heyrði, að eitthvað féll í götuna þar skammt frá. Er vitnið leit við, sá það Indriða liggja í götunni á bakinu. Lá Indriði þannig, að fæturnir sneru að akbrautinni, skáhallt til austurs. Vitnið gizkar á, að höfuð Indriða hafi verið 0.75—1 metra frá gangstéttinni.

Vitnið segir, að Bragi hafi verið staddur skammt frá því, en þó nokkru austar á svæðinu. Ákærði og Sigurður voru staddir skammt frá Indriða, en þó nokkru austar á akbrautinni. Vitnið minnst þess einnig, að Jón Sævaldsson stóð austan við Indriða nálægt gangstéttinni. Aðra kveðst vitnið ekki hafa séð nærri Indriða.

Vitnið hefur borið, að Indriði hafi verið áberandi ölvaður, er það sá hann nokkru áður út við Ferðaskrifstofu og eins þarna á Ráðhústorgi, en kveðst ekki hafa séð hann reika í spori. Vitnið sá ekki ölvunareinkenni á Braga Stefánssyni. Vitnið getur ekki fullyrt um það, hvort Indriði hafi verið sleginn eða hver kynni að hafa gert það. Vitnið sá ákærða með gosdrykkjarflösku í hendinni. Ekki kveðst vitnið minnst þess að hafa heyrt Braga minnst á það um nóttina, að ákærði hefði slegið Indriða.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson kveðst muna óljóst atvik í máli þessu, enda hafi það verið mjög ölvað. Vitnið man, að það lenti í deilum við Indriða, en lítið varð úr þeim, því að Jakob og Jón gengu á milli, og Jakob fór með vitnið frá.

Vitnið sá engan slá Indriða, en sá hann liggja á götunni.

Vitnið Páll Albert Magnússon kveðst þessa nótt hafa hitt þá Jakob, Ingólf, ákærða Hrein og Sigurð við Ferðaskrifstofuna og gengið með þeim inn á Ráðhústorg. Segist vitnið hafa verið að tala við Ragnar Tryggvason í jeppabífreið við torgið, er þeir

komu þangað Indriði, Bragi og Jón. Er deilur hófust með þeim Ingólfi og Indriða, tók Jakob Ingólf og fór með hann upp á hringsvæðið á Ráðhústorgi.

Er vitnið leit við, sá það, að Indriði var að falla í götuna, og var hann þá á akbrautinni á Ráðhústorgi skammt frá ljósastaur. Virtist vitninu hann koma niður á hliðina, en er hann hreyfði sig ekki, fór vitnið til hans, og lá hann þá á bakinu skammt frá gangstéttinni.

Vitnið minnir, að Bragi, Jón og Sigurður hafi verið á akbrautinni skammt frá Indriða, þar sem hann féll. Einnig kveðst vitnið telja, að ákærði hafi verið þar líka, en man ekki eftir honum sérstaklega.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið mjög drukinn, og sá vitnið hann reika í spori niður við Ferðaskrifstofu og er hann kom á torgið.

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði hafi verið með gosdrykkjarflösku með áfengisblöndu í við Ferðaskrifstofuna og á Ráðhústorgi, um það leyti sem Indriði féll í götuna. Er vitnið gekk skömmu síðar niður í Skipagötu með Sigurði og ákærða, var hann enn með flöskuna, og var þá nokkur slatti í henni, sem þeir drukku þar. Vitnið telur öruggt, að enginn tappi hafi verið í flöskunni. Vitnið Ragnar Tryggvason var í fyrrnefndri jeppabifreið við Ráðhústorg og kveðst hafa átt tal við Jakob Jónsson og sá, að hann hélt Ingólfi. Vitnið sá Indriða liggja í götunni.

Vitnið Hrafnhildur Jóhannesdóttir var í sömu bifreið. Kveðst hún hafa séð mannþyrpingu á götunni austanvert við hornið á Ráðhústorgi og Hafnarstræti og segist hafa vitað, að maður hafi verið sleginn þarna. En vitnið sá þetta ekki og fór ekki út úr bifreiðinni.

Vitnið Freydís Laxdal var ökumaður jeppabifreiðarinnar Þ 58. Vitnið sat í bifreiðinni og fór ekki út úr henni þarna á vettvangi, fyrr en það hafði að tilmælum Braga ekið á lögreglustöðina. Vitnið segir, að í jeppanum hafi stýrið verið vinstra megin, en hann sneri í norður, og sat vitnið því í þeirri hlið bifreiðarinnar, sem vestar var. Vitnið segist ekki hafa veitt Indriða neina sérstaka athygli, en hafa séð hann á gangi á torginu ölvaðan og máttleysislegan. Vitnið telur þó ekki sennilegt, að hann hafi dottið þarna sjálfkrafa. Vitnið sá hann ekki í illindum við neinn og engan veitast að honum eða slá hann. Vitnið segir, að nokkrir menn hafi verið í þvögu í kringum Indriða,

rétt áður en það sá hann liggja í götunni. Vitnið þekkti ekki nærri alla þá, sem voru í námunda við Indriða, þar sem hann lá, og telur afstöðu manna til Indriða ekki að sínu áliti hafa bent til þess, að einn fremur en annar hafi fellt Indriða.

Vitnið Sigurður Jónsson kveðst hafa verið á dansleik að Freyvangi laugardagskvöldið 18. apríl. Með honum var ákærði Hreinn. Þeir áttu áfengi sameiginlega á dansleiknum og drukku saman um nóttina. Vitnið kveðst hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki miklum, og telur sig naumast hafa verið áberandi ölvað. Eftir að þeir komu til bæjarins eftir dansleikinn, hittu þeir Jakob Jónsson og Ingólf Þorsteinsson, og voru þeir staddir í miðbænum á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti, er þá bar að Indriða, Braga og Jón.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið útúrdrukkinn, og hafi hann verið mjög reikull í spori, er vitnið tók eftir honum við Ferðaskrifstofuna. Veittist hann þar að Jakob og Ingólfi og var með ölvaðs manns þvælu við þá. Vitnið sá, að einhverjir tveir menn lentu í einhverjum átökum á Ráðhústorgi, en getur ekki borið um, hverjir það voru.

Vitnið skýrir frá því, að það og ákærði hafi komið að mannþyrpingu, sem var norðan við fyrrnefnt horn, þar sem Bókaverzlun Gunnlaugs Tryggva Jónssonar er. Vitnið sá, að Indriði var þar inni í þvögunni að þvælast utan í þeim Jakob og Ingólfi. Vitnið og ákærði gengu að þvögunni, en vitnið fór ekki inn í hana, heldur stóð á lengdar vestar á götunni. Vitnið segir, að ákærði hafi gengið að þvögunni og verið að minnsta kosti mjög nærri henni, er Indriði féll. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið mjög drukkinn og hafi verið rólegur og þrúður í umrætt sinn, og fannst vitninu, að það hafi séð hann allan tímann, er máli skiptir, þ. e. a. s. um það leyti, er Indriði féll, og kveðst ekki hafa séð hann veitast að Indriða eða neinum öðrum. Það, sem vitnið sá til ákærða um þessar mundir, var hann með báðar hendur í úlpuvösum. Vitnið sá engan slá Indriða, og er það álit vitnisins, að hann hafi dottið í götuna og meiðzt við það. Annars tekur vitnið fram, að Indriði hafi verið þarna inni í þvögu og kunni hann að hafa orðið fyrir hrindingum, þó að vitnið sæi það ekki, og eins megir vel vera, að einhver hafi slegið hann, þótt vitnið sæi það ekki. Vitnið sá ekki Indriða falla, en sá hann liggja í götunni.

Ákærði Hreinn Tómasson staðfestir það, að hann hafi verið með Sigurði Jónssyni á dansleik í Freyvangi umrædda nótt, og

hafi þeir neytt áfengis saman. Hann kveðst þó ekki hafa verið mikið drukinn. Hann var staddur um kl. 0300 um nóttina á Ráðhústorgi ásamt Sigurði, Ingólfi og Jakob, er þá bar að Indriða, Jón og Braga. Ákærði varð var við einhverjar deilur milli Indriða og Ingólfs, en sá ekki, hvernig þær hófust eða af hverju. Varð af þessu þras og mannþyrping, og kveðst ákærði hafa staðið þarna hjá, en ekki segist hann hafa tekið þátt í neinum áflogum. Hann segist hafa gengið að þvögu þessari, en ekki inn í hana. Ákærði sá Indriða liggja í götunni, á akbrautinni, skammt austan við bréfabörfu, er þar er á gangstéttinni. Lá Indriði með höfuðið skammt frá gangstéttinni. Kveðst ákærði þá hafa verið staddur á auða svæðinu handan (norðan) götunnar, þar sem Indriði lá, en þó nokkru austar. Hjá honum var Sigurður Jónsson. Ákærði segist hafa gengið eitthvað út á götuna í áttina að Indriða, þar sem hann lá, en ekki alveg að honum, en þar hafi hann hitt Pál Albert Magnússon og hafi þeir gengið ásamt Sigurði niður í Skipagötu, og voru þeir þar, er lögreglan kom á vettvang. Ákærði segir, að þeir Sigurður hafi farið saman á brott, vegna þess að þeir hafi átt og drukkið vín saman um nóttina, og þá hafi Bragi og aðrir verið komnir Indriða til hjálpar.

Ákærði kveðst hafa verið með gosdrykkjarflösku í hendinni á Ráðhústorgi og í Skipagötu og hafi verið áfengisblanda í flöskunni, er þeir drukku í Skipagötu. Telur ákærði öruggt, að enginn tappi hafi verið í flösku þessari.

Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hafa slegið Indriða, enda hafi ákærði ekki átt neitt sökótt við hann. Segir ákærði, að lögreglan hafi engin afskipti haft af honum um nóttina og hún hafi ekki eða neinn annar borið hann þeim sökum að hafa slegið Indriða.

Eins og áður getur, var gerður uppdráttur af Ráðhústorgi og umhverfi og lagður fram í málinu, dskj. nr. 8. Hann gerði Valgarður Frimann lögreglumaður. Hann fór síðan á vettvang ásamt rannsóknardómara, verjanda og sækjanda, og var vettvangur athugaður. Einnig komu á vettvang vitnin Bragi Stefánsson, Jakob Jónsson og Erlingur Pálmason. Benti Bragi á stað þann, er hann var á, er hann taldi sig hafa séð ákærða slá Indriða. Vitnin bentu og á stað þann, er Indriði lá á. Valgarður færði staði þessa inn á uppdráttinn, hinn fyrrnefnda merktan b, en hinn síðarnefnda merktan a.

Í áverkavottorði Stefáns Jónssonar cand med., dags. 30/4 1959, segir: Hann (þ. e. Indriði) hafði mjög óhreint og bólgið mar-

sár á vinstri augabrún utanverðri og var talsvert blóðugur um höfuð og óhrein. Sárið var um 3 cm á lengd og rífið út úr því á einum stað og engir hreinir skurðbarmar. Sárið var þvegið og saumað með nokkrum silkisaumum.

Í vottorði Péturs Jónssonar læknis, dags. 4. maí 1959, segir, að Indriði hafi verið rúmliggjandi frá 19. apríl til 30. apríl vegna áverka, er hann hlaut aðfaranótt 19. apríl. Hann hafði öll ein-kenni um heilahristing. Hann hefur verið á fótum s.l. þrjá daga, en er ekki fullbata og enn ekki vinnufær.

Í vottorði sama læknis, dags. 3. júlí sama ár, segir: Indriði Sigmundsson, sem varð fyrir meiðslum 19. apríl og ég hefi áður gefið vottorð út af, má nú teljast búinn að ná sér, svo að hann getur stundað fulla vinnu. Hann var alveg óvinnufær í mánuð, en fór þá að vinna létta vinnu hálfan daginn, en gat ekki ekið bifreið, sem hafði þó verið atvinna hans. Meiðslin virðast ekki ætla að skilja eftir varanlegar heilatrufanir.

Loks hefur verið lagt fram í dóminum vottorð Péturs Jónssonar læknis, dags. 18.11. 1959, svohljóðandi:

Ég hefi í dag skoðað Indriða Sigmundsson, sem hlaut meiðsli 19. apríl s.l. Heilbrigðisástand hans virðist mér vera eins og 3. júlí s.l., þegar ég gaf síðasta vottorðið. Hann kvartar þó um minnisleysi, sem gæti verið afleiðing af heilahristingnum, sem hann hlaut.

Samkvæmt ósk verjanda og sækjanda málsins var framangreint áverkavottorð sent Jóhanni Þorkelssyni héraðslækni og hann beðinn að gefa álit sitt um eftirfarandi atriði:

1. Er líklegt, að áverkinn, sem í vottorðinu greinir, stafi af hnefahöggi.
2. Er líklegt, að áverkinn stafi af höggi, sem greitt hafi verið með ávölu barefli, t. d. flösku.
3. Er líklegt, að áverkinn stafi af falli þess, er hann bar, á gangstéttarbrún eða götu, einkum með tilliti til þess að sárið er sagt hafa verið mjög óhreint.

Álit héraðslækis, dags. 13. des. s.l., er svohljóðandi:

Sem svar við bréfi yðar til mín, dags. 5. des. s.l., skal ég taka fram eftirfarandi:

Svar við spurningu 1: Getur vel verið og ekki ólíklegt.

Svar við spurningu 2: Getur vel verið og ekki ólíklegt.

Svar við spurningu 3: Getur verið, en er þó að mínum dómi heldur ólíklegra en um getur í 1. og 2. spurningu, þar eð ekki er getið í lækisvottorði um neinarnar húðskrámur, aðrar en hinn

umgetni skurður hafi sézt, og heldur ekki getið um, að sandkorn eða því um líkt hafi verið þrýst inn í húð eða sárbarma, þar sem áverkinn var.

Niðurstaða mín verður því þessi: Þegar tekið er tillit til, hvar áverkinn er, getur hann litið nákvæmlega eins út eftir hnefahögg og högg með flösku, og verður því ekki unnt að greina þar á milli. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi, að áverkinn sé eftir högg vegna falls í götuna, þótt mér finnist hann heldur ólíklegri en annar hvor hinna.

Gísli Ólafsson yfirlögregluþjónn tók myndir af örinu eftir áverkann á Indriða, og Mikael Jóhannesson teiknari gerði uppdrátt af því, eins og það leit út 12. desember s.l. (dskj. nr. 9—14).

III.

Indriði R. Sigmundsson hefur haft uppi í máli þessu bótakröfu á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 35.980.00.

Hann sundurliðar kröfu sína þannig:

Tekjumissir af bílakstri 19/4—20/5, 1 mánuð, kr.

15.000.00, að frádregnum rekstrarútgjöldum samkvæmt reynslu, kr. 2250.00 kr. 12.750.00

Tekjumissir 20/5—30/6 vegna sama, miðað við hálf afköst með bílinn til jafnaðar, reiknað út frá sömu tölum, verður kr. 8.500.00 nettó, en þar frá telur hann rétt að draga frá vinnu sína við fatahreinsun á sama tíma, kr. 1000.00, svo að tekjumissir fyrir tímabilið nemur — 7.500.00

Kostnaður við nuddlækningar — 330.00

Bílkostnaður og læknishjálp utan sjúkrasamlags .. — 400.00

Fyrir þjáningar og lýti — 15.000.00

Bótakrafa alls kr. 35.980.00

Gerir Indriði kröfu til, að dómur gangi um þessa bótakröfu hans í máli þessu á hendur ákærða.

Indriði kveðst hafa verið algerlega óvinnufær frá slysdegi til 20. maí. Fór hann þá að grípa í verk, fyrst í stað við fatahreinsunarstöð sína og að nokkru við aðalstarf hans, akstur á vörubíl. Hann smájók vinnuna, og frá 1. júlí telur hann, að hann hafi verið fær um að aka fullan vinnutíma, þótt hann þjáðist enn af slappleika og minnisleysi.

Indriði hefur lagt fram í dóminum vottorð bifreiðastöðvarinnar Stefnis um tekjur um 20 bifreiðastjóra á stöðinni frá 19.

apríl til 18. maí 1959. Reyndust tekjur þeirra vera misjafnar frá 2—3 þús. krónur til 12—14 þúsund. Í munnlegum flutningi málsins upplýsti talsmaður Indriða, að hann ætti nýlegan diesel-bíl, sem væri ódýr í rekstri, og því væri Indriði mjög vel samkeppnisfær. Hann stundaði og á þessum tíma venjulega akstur á vörum til Raufarhafnar. Þá krafðist talsmaður bótakrefjanda ómakslauna úr hendi ákærða eftir mati dómsins.

IV.

Eins og að framan greinir, ber aðeins eitt vitni, Bragi Stefáns-son, að það hafi séð ákærða slá Indriða niður í götuna. Af gögn-um málsins virðist mega ráða, að vitnið hafi verið lítið undir áhrifum áfengis og að það hafi haft góða aðstöðu til að skynja atburð þenna, því að það var skammt frá Indriða og ákærða, og götuljós voru á torginu.

Tvö vitni, Jón Sævaldsson og Indriði, segjast hafa heyrt ein-hvern viðhafa ummæli þau, er að framan eru greind, á þá leið, að hann skyldi sjá um Indriða. Af ummælum þessum virðist mega ráða, að einhver af þeim, er þarna voru staddir, hafi vilj-að gefa sig frekar að Indriða, þó að af vætti framangreindra vitna verði eigi að fullu upplýst, hvort ummælin voru í verndandi tón eða fólu í sér hótun. En um sama leyti fellur Indriði í götuna.

Samkvæmt framburði vitna, virðast þá fjögur þeirra, Freydís, Hrafnhildur, Ragnar og Páll Albert, hafa verið í eða við jeppa-bífreiðina alllangt frá þeim stað, er Indriði féll. Jakob Jónsson er að róa Ingólf og leiðir hann frá Indriða, skömmu áður en hann féll í götuna. Vitnin Bragi og Jón segjast hafa verið norð-an akbrautarinnar, er Indriði féll í götuna, og upplýst er, að þeir eru kunningjar hans og samstarfsmenn.

Vitnið Sigurður Jónsson og ákærði hafa borið báðir, að þvaga eða mannþyrping hafi verið í kringum Indriða, um það leyti er þeir sáu hann liggja í götunni. Eru frásagnir þeirra að þessu leyti mjög ósamhljóða vætti annarra vitna um afstöðu viðstaddra til Indriða um þetta leyti. Vitnið Sigurður segist hafa staðið álangdar vestar á götunni, en það segir, að ákærði hafi gengið að þvögunni eða verið að minnsta kosti mjög nærri henni, er Indriði féll.

Upplýst er, að Indriði er þarna mjög ölvaður, og hafa nokk-ur vitnanna látið í ljós, að hann kynni að hafa dottið vegna þess og slasast við það, en önnur telja það ósennilegt, en ekki hefur hann sjálfur getað borið um þetta vegna ölvunar. Vitnið Sig-

urður og ákærði voru báðir undir áhrifum áfengis og ákærði með gosdrykkjarflösku í hendinni með áfengisblöndu í.

Það er upplýst, að ákærði hverfur strax af vettvangi, eftir að Indriði hefur fallið í götuna.

Samkvæmt álitni héraðslæknis, Jóhanns Þorkelssonar, hér að framan um áverkann á Indriða telur læknirinn áverkann líta eins út á þessum stað eftir hnefahögg og eftir högg með flösku. En þar sem eigi sé getið um í áverkavottorði, að sandkorn eða því um líkt hafi verið þrýst inn í húð eða sárbarma, telur hann ólíklegra, að Indriði hafi fengið áverkann við að falla í götuna.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir verða að byggja á eiðfestum framburði Braga Stefánssonar í máli þessu og líta svo á, að nægar sannanir séu framkomnar fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um líkamsárás á Indriða R. Sigmundsson í umrætt sinn og slegið hann í andlitið, svo að hann féll í götuna.

Það er upplýst með læknisvottorðum og öðrum gögnum málsins, að Indriði hlaut slíkan áverka, sem um ræðir í 218. gr. almennra hegningarlaga, og telja verður, að ákærði hefði mátt sjá fyrirfram afleiðingar áráðarinnar, ekki sízt vegna ölvunarstands Indriða.

Ber því að heimfæra brot ákærða undir 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga. En vegna æsku hans þykir rétt, að refsingin sé skilorðsbundin, þannig að henni skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá dómsuppsögn, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma.

Eigi þykja fram komnar í máli þessu nægar sannanir fyrir tjóni bótakrefjanda, hvorki einstökum liðum bótakröfunnar né heildarfjárhæð.

Ber því að vísa bótakröfunni frá dómi í málinu samkvæmt 146. gr. laga nr. 27/1951.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málf lutningslauna til skipaðs sækjanda, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögn í máli þessu sökum sumarfría og sérstakra anna dómars.

Dómsorð:

Ákærði, Hreinn Tómasson, sæti varðhaldi í 40 daga. Fulln-

ustu refsingar ákærða skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, hafi hann eigi gerzt sekur um nýtt brot á þeim tíma.

Bótakröfum í máli þessu er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs sækjanda, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1961.

Nr. 224/1960. **Hálfván Helgason** (Jóhann Steinason hdl.).
gegn

Hervald Andræssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Armann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1960. Hann krefst lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um fébætur verði staðfest, þó þannig, að áfrýjanda, sem hinn 20. júlí 1961 greiddi kr. 20.000.00 upp í kröfu stefnda, verði einungis dæmt að greiða kr. 115.879.05 með 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 8% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi þess, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest